



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 18. maí 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 18.15 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga

Fyrir fundinum lá kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninganna sem fram fara laugardaginn 26. maí nk. Skráin byggir á kjörskrárstofni sem Þjóðskrá gerir og miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag, þann 5. maí 2018. Sveitarstjórn samþykkti kjörskrána og fól sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn, enda hafi ekki komið upp kærur eða athugasemdir sem sveitarstjórn þurfi að taka afstöðu til fram að kjördegi.

2. Samningur um slátt á opnum svæðum

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti drög að samningi við Slavko Velemir um slátt á nokkrum opnum svæðum. Samningurinn sem er til eins árs er uppfærsla á fyrri samningi dagsettu 6. júlí 2015 sem lýkur 31. maí 2018. Sveitarstjórn ræddi samninginn og fól sveitarstjóra að ganga frá nokkrum atriðum í samningnum og undirrita hann.

3. Samningur um skólamötuneyti

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Örvar ehf um skólamáltíðir fyrir grunnskólabörn. Samningurinn sem er til eins árs er uppfærsla á fyrri samningi dagsettu 3. október sem lýkur 30. maí 2018. Sveitarstjórn ræddi samninginn en samþykkti hann síðan.

4. Samningur um Reykjasafnið

Fyrir fundinum lá tillaga að þjónustusamningi milli milli eigenda Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna varðandi rekstur og utanumhald starfsemi safnsins. Samningurinn er endurnýjun á samningi sem var í gildi frá 2015 og út árið 2017. Samþykkt að vísa samningnum til afgreiðslu nýrrar sveitarstjórnar.

5. Tilkynning um fulltrúafjölda á Landsþingi Sambandsins

Fyrir fundinum lá tilkynning um fjölda fulltrúa á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður 26.-28. október 2018. Heildarfjöldi fulltrúa er 154 og sveitarfélagið á rétt á einum fulltrúa á landsþinginu.

Málið var til kynningar.



6. Framkvæmdir 2018 – yfirlit um stöðu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda bæði þeirra sem unnið er að og þeirra sem eru í undirbúningi.

7. Bréf

a. Vegagerðarinnar vegna smábátahafnar, dags. 9. apríl 2018

Með bréfinu er tilkynnt um niðurstöður útboðs í gerð smábátahafnar á Skagaströnd sem opnað var 8. maí 2018.

Niðurstaða útboðsins var:

Norðurtak ehf	kr. 47.667.600,-	80,3% af kostnaðaráætlun
Vélaþjónustan Messuholti ehf	kr. 58.553.250,-	98,7% af kostnaðaráætlun
Kostnaðaráætlun var:	kr. 59.337.300,-	

Vegagerðin leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda eftir að 10 daga kærufrestur er liðinn.

Fyrir fundinum lágu einnig drög að verksamningi um verkið við Norðurtak ehf.

Sveitarstjórn samþykkti að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda og fól sveitarstjóra að undirrita verksamning um verkið.

b. Vegna minnisvarða, dags. 12. apríl 2018

Með bréfinu óska börn Jónu Guðrúnar Vilhjálmsdóttur og Skafta Fanndal Jónassonar frá Dagsbrún heimildar til að reisa þeim minnisvarða á blettinum þar sem húsið Dagsbrún stóð. Sveitarstjórn samþykkti að heimila hófstílltan minnisvarða á umræddum stað en gerð hans og staðsetning verði í samráði við sveitarstjóra.

c. Guðlaugar Grétarsdóttur, dags. 5. maí 2018

Með bréfinu gerir Guðlaug athugasemdir við reglur um stuðning við nemendur í framhaldsnámi þar sem nemendur sem einungis eru í námi eina önn á vetri njóta ekki námsstyrks.

Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að fela sveitarstjóra að gera tillögu að breytingum á reglunum í ljósi þeirra ábendinga sem komu fram í bréfinu.



d. Örvars ehf, dags. 15. maí 2018

Með bréfinu er óskað eftir að sveitarstjórn samþykki hækkun á framlögum til viðhalds áhalda og búnaðar í félagsheimilinu Fellsborg til að bólstra stóla í húsinu og endurnýja sýningartjald. Samþykkt að liður 7114-4967 verði hækkaður um 1.200 þús. með gerð viðauka við fjárhagsáætlun.

e. Skipulagsstofnunar dags. 3. maí 2018

Með bréfinu fer Skipulagsstofnun fram á aukinn rökstuðning við erindi sveitarstjórnar um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skagastrandar 2010-2022. Bréfið var til kynningar og vísað til svarbréfs í f. lið fundargerðarinnar.

f. Svarbréf til Skipulagsstofnunar, dags. 15. maí 2018

Með bréfinu er færður aukinn rökstuðningur við óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Skagastrandar 2010-2022. Sveitarstjórn samþykkti efni bréfsins.

8. Fundargerðir

1. Sameiningarnefndar sveitarfélaga í A-Hún, 27.04.2018

Fundargerðin var til kynningar.

2. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 19.03.2018

Fundargerðin vart til kynningar.

3. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 23.04.2018

Fundargerðin var til kynningar.

4. Stjórna Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27.04.2018

Fundargerðin var til kynningar.



2. Önnur mál

Sveitarstjóri óskaði bókað að hann þakkaði sveitarstjórn samstarfið á kjörtímabilinu. Oddviti sem býður sig ekki fram til sveitarstjórnar eftir 24 ára setu sem oddviti sveitarfélagsins, þakkaði sveitarstjórn og sveitarstjóra gott samstarf á kjörtímabilinu og fyrri tímabilum. Aðrir sveitarstjórnarmenn þökkðu sömuleiðis samstarfið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 19.30

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson